

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

270. fundur

Föstudaginn 18. ágúst 2017 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru:

Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir og Sverrir Óskarsson.

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundinn sátu einnig, Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör 30.06.2017
2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2018
3. Ferðapjónusta fatlaðs fólks - Trúnaðarmál
4. Húsnæðismál
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör 30.06.2017

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30.06.2017. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó staðfestu uppgjórið með undirritun sinni á fundinum.

2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2018

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti forsendur fjárhagsáætlunar Strætó fyrir tímabilið 2018-2022.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar.

3. Ferðapjónusta fatlaðs fólks - Trúnaðarmál

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs og Guðmundur Siemsen lögmaður hjá Advel mættu til fundar við stjórn.

Nánari bókun er í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. Húsnæðismál

Áframhaldandi umræða um húsnæðismál og hugsanlegan flutning á starfsemi Strætó frá Þönglabakka 4 í Mjódd upp á Hesthál 14.

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að fara í formlegar viðræður við Reykjavíkurborg um endurnýjun leigusamnings um Hesthál 14 ásamt nauðsynlegum endurbótum og viðhaldi á húsnæðinu þar. Samhliða verði leitað samninga við Reykjavíkurborg um kaup borgarinnar á húseign Strætó á Þönglabakka 4.

5. Önnur mál

- a) Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að undirbúa kaup á nýjum dráttarbíl. Viðauki við fjárhagsáætlun 2017 vegna þessa verði lagður fram á næsta fundi stjórnar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: 13:30

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör Strætó bs. 30.06.2017
- Kynning á árshlutauppgjöri 30.06.2017

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir

Sverrir Óskarsson

Bryndís Haraldsdóttir

Gunnar Valur Gíslason